

Skipulagsstofnun
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Reykjavík 7. desember 2018
UST201811-241/A.B.
10.05.00

Efni: Mat á umhverfisáhrifum - Matskyldufyrirspurn - Fjölnota ípróttahús - Vetrarmýri í Garðabæ

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 22. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda framkvæmd.

Í framkvæmdinni sem hér er tilkynnt stendur til að reisa fjölnota ípróttahús og tengibyggingu með byggingareit að stærð 97 x 143 m, með hámarkshæð 23 m og grunnflöt upp á 13.871 m². Heildarstærð framkvæmdasvæðisins (lóðarmörk) eru um 19.790 m², er þar með talið landsvæði undir bílastæði, aðkomu o.s.frv.

Ásýnd

Framkvæmdasvæðið er í dag flatt svæði með túnum, skurðum og golfvallarsvæði. Ásýnd svæðisins á framkvæmdatíma mun breytast að mati Umhverfisstofnunar, en áhrifin eru talin óveruleg. Ekki kemur fram í greinargerð til hvaða mótvægisáðgerða verður gripið.

Í greinargerð eru settar fram skýringamyndir sem sýna líklega útfærslu á útliti byggingarinnar. Umhverfisstofnun telur bygginguna vera til sóma þar sem litaval hennar og útlit verður til þess að hún fellur að umhverfinu.

Umferð

Að mati Umhverfisstofnunar mun umferð stórra vinnuvéla aukast til muna á framkvæmdatíma sem mun hafa áhrif á hávaða og loftmengun á svæðinu. Það er mat Umhverfisstofnunar að mikilvægt hefði verið að þessar upplýsingar kæmu fram í greinargerðinni og til hvaða mótvægisáðgerða væri gripað til að bregðast við.

Í greinargerð kemur fram að svæðið er ekki vel tengt almenningsamgöngum og nokkur fjarlægð eru í helstu hverfi bæjarins, sem verður til þess að 60-70% iðkenda munu verða ekið á ípróttæfingar. Það er mat Umhverfisstofnunar að mikilvægt hefði verið að það kæmi fram hvers vegna þessi staðsetning varð fyrir valinu þar sem að fjarlægð er svo mikil frá helstu hverfum í sveitarfélaginu.

Ekki er fjallað um í greinargerðinni til hvaða mótvægisáðgerða verður gripið til að minnka bílaumferð og auka öryggi og aðgengi gangandi, hjólandi og þeirra sem nota almenningssamgöngur.

Gróðurfar og dýralíf

Það svæði sem fellur undir íþróttamannvirkið eru tún, graslendi og skurðir og er nú þegar raskað af mannavöldum og mun því það rask sem hlýst af fyrirhugaðri framkvæmd óverulegt.

Í greinargerð kemur fram að gæsir hafa haldið til á svæðinu allan ársins hring. Að mati Umhverfisstofnunar kemur ekki nógu skýrt fram hver staða fuglalífs er á svæðinu og hvaða áhrif framkvæmdin hefur á fuglalíf.


Niðurstaða

Með hliðsjón af ofangreindum atriðum telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að umrædd framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér og telur því stofnunin framkvæmdina ekki háða mati á umhverfisáhrifum.

Virðingarfyllst



Axel Benediktsson
Sérfræðingur



Björn Stefánsson
Sérfræðingur